

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 12.10.2017

Sveitarstjórnarfundur haldinn í Skagabúð 12.10.2017

Mætt voru Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Helga Ingimarsdóttir, Magnús Björnsson, Magnús Guðmannsson og Vignir Sveinsson.

Vignir setur fundinn og stýrir honum.

Dagskrá er eftirfarandi:

1. Skipulag Kálfshamarsvíkur
2. Könnun á íbúafundi
3. Önnur mál

1. Rætt var um hvort eigi að fara í einhverjar framkvæmdir í Kálfshamarsvík og sækja um í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

2. Talning á atkvæðum úr leiðbeinandi skoðanakönnun sem framkvæmd var á íbúafundi 10 október síðastliðinn. Á fundinn mættu 36 íbúar.

Spurt var um: „Ert þú hlynntur eða andvígur því að hreppsnefnd Skagabyggðar hefji viðræður við annað eða önnur sveitarfélög“. Alls greiddu 36 atkvæði: 15 eru hlynntir (42% þeirra sem greiddu atkvæði) og 21 er andvígur (58% þeirra sem greiddu atkvæði).

Þá var spurt: „Fari svo að sveitarfélagið Skagabyggð hefji viðræður um sameiningu sveitarfélagsins Skagabyggðar við annað eða önnur sveitarfélög, hvaða sveitarfélag eða sveitarfélög álytur þú að hefja eigi viðræður um sameiningu við?“

Af þeim sem eru hlynntir sameiningu vilja 9 sameiningu við Sveitarfélögin í Austur-Húnavatnssýslu og 6 sameiningu við Sveitarfélagið Skagafjörð.

Af þeim sem eru andvígir vilja 16 sameiningu við Sveitarfélögin í Austur-Húnavatnssýslu og 1 við Sveitarfélagið Skagafjörð og 4 skiluðu auðu.

Heildarsvörun við seinni spurningu: Af öllum greiddum atkvæðum vilja 69,45% sameiningu við sveitarfélögin í Austur Húnavatnssýslu, 19,45% sameiningu við Sveitarfélagið Skagafjörð og 11,1% skiluðu auðu.

Í ljósi þessa mun sveitarstjórn Skagabyggðar slíta viðræðum við Sveitarfélagið Skagafjörð.

Eftirfarandi bókun er lögð fram:

„Sveitarstjórn Skagabyggðar ákveður að fara í sameiningarviðræður við sveitarfélögin í Austur Húnavatnssýslu þó svo meirihluti þeirra sem svöruðu skoðanakönnun á íbúafundi 10. október 2017 hafi verið andvígir. Meirihluti þeirra sem svöruðu seinni spurningunni í skoðanakönnuninni töldu það álitlegri kost að sameinast Austur- Húnavatnssýslu heldur en

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 12.10.2017

Skagafirði. Sveitarstjórn telur að það geti orðið sveitarfélögunum í Austur Húnavatnssýslu til framdráttar að hefja sameiningarviðræður“

Bókunin er samþykkt með fjórum atkvæðum gegn einu.

Jafnframt eru Vignir Sveinsson, Dagný Rósa Úlfarsdóttir og Magnús Björnsson tilnefnd fulltrúar í samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaga.

Sveitarstjórn lýsir andstöðu gegn vali hinna sveitarfélaganna þar sem hallar mjög á hlut kvenna sem aðalmanna í samstarfsnefnd um sameiningarmál.

3. Önnur mál

Ekkert undir önnur mál.

Fundargerð lesin upp og samþykkt, fundi slitið